

## Fundargerð

### 38. stjórnarfundur FHA haldinn 30. ágúst, 2012 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Engilbertsson (GE), Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Þóra Rósa Geirsdóttir (ÞR) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

#### Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt samhljóða.

2. Fundartími

Ákveðið var að fundartími yrði að jafnaði fyrsti miðvikudagur í mánuði og fundartíminn yrði klukkan 12:00. Næstu fundir haustmíssis verða því 12. sept, 3. okt, 7. nóv og 5. des.

3. Kjaramál

Samninga- og samstarfsnefnd gengur ekki nógu vel að finna sameiginlega fundartíma. Ákveðið hefur því verið að Helgi Gests, Hjördís og Úlfar fari suður á fund hjá bæði ráðuneyti og HÍ. Nauðsynlegt er að fá alla hlutaðeigandi aðila að borðinu til að fá hlutina á hreint.

Spurning hvar þessi 0,7% eigi að koma, frá skólanum eða sem auka fjármagn. Einnig rætt um vinnumatssjóð og námsleyfi þar sem bætt hefur verið við setningu um hámarkslengd sem yrði að jafnaði ekki lengri en 3 mánuðir. Ljóst er að hámarkslengd þyrfti að vera 5 eða 6 mánuðir til að hægt sé að sitja heila önn í námi.

Einnig rætt um að kerfið þurfi að vera sambærilegt fyrir alla starfsmenn og félagið þurfi að berjast fyrir alla.

Rætt um fundi og fundarþóknanir, komið í framkvæmd í Viðskipta- og raunvísindasviði en ekki á öðrum sviðum skólans. Þó enn óljóst fyrir hvaða fundarsetur eigi að greiða fyrir og hvernig fyrirkomulagið eigi að vera.

Örlítið rætt um heimasíðu félagsins, nauðsyn þess að hafa rétta launatöflu þar inni og fundargerðir.

4. Önnur mál

Námssjóður: Rætt hefur verið um að hækka greiðslur úr námssjóði sem hefur verið óbreytt í nokkur ár. Þar sem sjóður stendur ágætlega er svigrúm til hækkunar. Það var ákveðið að hækka fjárhæðina úr 40.000 í 55.000 og enn verður greitt 80% af heildarkostnaði við nám en þó aldrei meira en 55.000.

Haust-grill: Félagið er 20 ára í ár. Spurning hvað sé hægt að gera til að halda upp á þessi tímamót. Spurning um að bjóða félögum upp á fræðslu og köku.

Grillið: Nokkuð hefur verið um það að grill félagsins hefur verið lánað og því lítið gas eftir.

Ákveðið var að rukka fyrir notkun á grillinu krónur 2.500 sem myndu renna í gassjóð.

Umsóknir í námssjóð: Alls bárust 8 umsóknir í námssjóð sem voru allar samþykktar. GKÓ gengur frá þeim og greiðir út.



Félag háskólakennara  
á Akureyri

Laun formanns: Launin hafa verið óbreytt í 6-7 ár. Eiga að vera ákveðið hlutfall af ákveðnum launaflokki og eiga því að hækka í samræmi við viðkomandi launaflokk. En það hefur ekki verið gert og þarf því að skoða.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:20  
Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.